

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 533/1993, um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirlitsaðilar.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

8. mars 1996

Nr. 168

REGLUR

um breytingu á reglum um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:

Öryggisbúnaður sá sem reglur þessar kveða á um skal vera kominn í alla krana og þann lyftibúnað, sem reglurnar gilda um, fyrir 1. júlí 1996.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 1996.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.